

Viðauki 1. Verkefni fjarskiptaáætlunar 2019-2023, staða við áramót 2020/2021

Nr. Áherslu	1. Markmið um aðgengileg og greið fjarskipti Áhersla í stefnu til 2033	Nr. verkefnis	Verkefnislýsing	Ábyrgð / framkvæmd / eftirfylgni eða fjármagn	Áætluð verklok	Árangur / staða við áramót 2020/2021
2.2.1	Aðgengi lögheimila og atvinnuhúsnæðis að ljósleiðara verði 99,9% (árið 2025)	1.1	Síðustu samningar ríkis og sveitarfélaga um ljósleiðaravæðingu landsins um verkefnið Ísland ljóstengt verði undirritaðir 2020, með hliðsjón af aðgerð 51 í sáttmála ríkisstjórnarinnar.	SRN/ fjarskiptasjóður/ fjarskiptasjóður	2021	Á áætlun Ferli við lokaúthlutun á grundvelli verkefnisins hefst Q1 2021. Verkefni snýr eingöngu að dreifbýli. Uppbygging í þéttbýli hefur farið fram á markaðsforsendum.
2.2.1	Aðgengi lögheimila og atvinnuhúsnæðis að ljósleiðara verði 99,9%.	1.2	Uppbyggingu á grundvelli verkefnisins Ísland ljóstengt ljúki fyrir árslok 2021.	SRN/ sveitarfélög/ fjarskiptasjóður	2021	Verklökum seinkar Umfang verkefna sveitarfélaga er meira en gert var ráð fyrir. Tafir hafa orðið í einstaka framkvæmd. Framkvæmdum líkur 2022 – 2023.
2.1.3	Við styrkta lagningu ljósleiðarakerfa verði hugað sérstaklega að stofnleiðum, radíófjarskiptastöðum og samtengingu kerfa.	1.3	Lokið verði við hringtengingu ljósleiðara á Austfjörðum, milli Seyðisfjarðar og Neskaupstaðar um Mjóafjörð.	SRN/ Neyðarlínan/ fjarskiptasjóður	2023	Á áætlun Lokið er hluta leiðarinnar milli Seyðisfjarðar, Brekkuborps og Dalatanga. Eftir er leiðin milli Brekkuborps og Neskaupsstaðar. Í skilmálum samninga fjarskiptasjóðs á grundvelli Ísland ljóstengt er komið inn á og hvatt til þessara atriða.
2.1.5	Farnettssamband verði tryggt, meðal annars í þéttbýli, á þjóðvegum, fjölsóttum ferðamannastöðum og við strendur landsins.	1.4	Áætlanir verði mótaðar um ljósleiðaravæðingu og uppbyggingu fjarskiptaaðstöðu gagnvart helstu samgöngumannvirkjum og vegna örrar tækniþróunar.	SRN/ Neyðarlínan og markaðsaðilar/ fjarskiptasjóður	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Stöðugt er unnið að þessu verkefni. Ákvæði tíðniheimilda gegna lykilhlutverki á hverjum tíma. Ríkisstjórnin fól fjarskiptasjóði og Neyðarlínu átaksverkefni 2020 í eflingu fjarskiptastaða víða um land með áherslu m.a. á vegakerfið.
2.1.4	Íslendingar verði meðal forystuþjóða í hagnýtingu	1.5	Uppbyggingarþörf fastaneta og sendastaða í tengslum við 5G-innviði, einkum gagnvart	SRN/ PFS, Vegagerðin, Samgöngustofa o.fl.	2021	Ekki hafið Forsenda er að viðkomandi geirar samfélagsins hafi áður sett fram

	fimmtu kynslóðar farneta, 5G.		samgöngum og tækniþróun, verði metin.			lágmarks skilgreiningu á þörfum gagnvart 5G til skemmri og lengri tíma.
2.1.4	Íslendingar verði meðal forystuþjóða í hagnýtingu fimmtu kynslóðar farneta, 5G.	1.6	Forsendur krafna um útbreiðslu farneta verði endurskoðaðar í ljósi meðal annars nettengdra tækja, notkunar hárra fjarskiptatíðna og þjónustu á 5G-netum.	SRN/ PFS	2021	Á áætlun PFS hefur hafið undirbúning ráðstöfunar tíðniheimilda fyrir háhraða farnet á 800, 900, 1800, 2100 og 3600 MHz, sem að óbreyttu renna út á fyrri hluta árs 2022, undir lok árs 2021.
2.1.2	Þrír virkir sæstrengir tengi landið við Evrópu frá mismunandi landtökustöðum.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	FJR/ Farice/ fjarskiptasjóður	2023	Á áætlun Fjarskiptasjóður hefur styrkt botnrannsókn Farice vegna 3ja strengsins. Sú vinna er á áætlun. FJR hefur heimild í fjárlögum 2021 til að auka hlutafé Farice sem nemur áætluðum stofnkostnaði vegna nýs fjarskiptasæstrengs.
Nr. Áherslu	2. Markmið um örugg fjarskipti Áhersla í stefnu til 2033	Nr. verk-efnis	Verkefnislýsing	Ábyrgð / framkvæmd / eftirfylgni eða fjármagn	Áætluð verklok	Árangur / staða við áramót 2020/2021
2.2.2	Áhættustýring netöryggis byggir á verklagi um áhættugreiningu og samhæfðu verklagi við mótun á öryggisstefnum og viðbragðsáætlunum.	2.1	Mótuð verði úttektarstefna og áætlun til að stuðla að viðunandi öryggi fjarskiptaneta.	PFS/ markaðsaðilar	Lokið	Lokið Stefna um öryggi og virkni fjarskiptainnviða kom út í mars 2020 sem unnið er að með markvissum hætti: 1) Stefnt að sjálfsmatsúttekt hjá fjarskiptafyrirtækjum sem byggir á leiðbeiningum ENISA, og 2) Heildstætt áhættumat mikilvægra fjarskiptainnviða er langt komið sem byggir á ISO-aðferðafræði.
2.2.3	Geta til að bregðast við netatvikum og netvá verði eflid, meðal annars með bættri tæknilegri getu, viðeigandi viðbragðsáætlunum, prófunum, skilvirkri miðlun nauðsynlegra	2.2	Greining og viðbragðsgeta vegna netógnastandist alþjóðlegan samanburð.	SRN/ netöryggisráð	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Verið er að stórefla Netöryggissveitina á grunni nýrra netöryggislöggjafar sem tók gildi 1. september 2020. Uppbyggingin tekur mið af alþjóðlegum viðmiðum og lýtur alþjóðlegu mati.

	netöryggisupplýsinga og viðbúnaðaræfingum.					
2.2.9	Landsléninu .is verði tryggt nauðsynlegt lagaumhverfi.	2.3	Lög verði sett um íslenska landslénið .is.	SRN/ PFS	2021	Á áætlun Nýtt lagafrumvarp er fyrir Alþingi. Nefndarálit langt komið í vinnslu.
2.2	Örugg fjarskipti og upplýsingatækni séu ein meginstoð hagsældar á Íslandi, studd af öflugri öryggismenningu og traustri löggjöf.	2.4a	Við innkaup, þróun, rekstur og viðhald á opinberum kerfum og netum verði öryggiskröfur í forgangi.	FER/ Ríkiskaup og Netöryggisráð	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Nauðsyn öryggiskrafna vegna opinberra kerfa hefur verið áhersluatriði SRN og fylgt eftir við eigin innkaup og þróun og í samvinnu við önnur ráðuneyti, með beinum hætti og innan Stýrihóps um netöryggi stjórnsýslunnar og Netöryggisráðs. Ýmis kerfi hafa verið tekin til endurmats og úrbóta vegna þessa.
2.2.1	Komið verði á skilvirkri stjórnskipun varðandi netöryggismál innan stjórnkerfisins og skipulagi er tryggt nauðsynlega samvinnu á milli mismunandi geira samfélagsins.	2.4b	Netöryggisráð verði nýtt sem samvinnuvettvangur stjórnvalda vegna netöryggismála eftir því sem við á og leitað verði samstarfs við fyrirtæki og stofnanir.	SRN/ Netöryggisráð	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Netöryggisráð hefur orðið virkara undanfarið ár eftir að æ fleiri netöryggistengd mál á ábyrgð mismunandi aðila ráðsins hafa komið upp. Allir aðilar ráðsins gera nú grein fyrir málum á sínu ábyrgðarsviði á sérhverjum fundi ráðsins.
2.2.5	Áhersla verði lögð á vitundarvakningu, hæfni og getu með því að stuðla að því að viðeigandi nám í netöryggisfræðum verði í boði fyrir mismunandi hópa og hvati verði til þess að stunda slíkt nám, hvort sem um einföld afmörkuð námskeið er að ræða eða heildstætt nám á háskólastigi. Þessu verði jafnframt fylgt eftir með samhæfðri	2.4c	Fjölbreytt menntun á sviði netöryggis standi til boða, allt frá einföldum námskeiðum til framhaldsnáms á háskólastigi, hérlendis eða í samstarfi við erlenda aðila.	SRN/ Netöryggisráð, háskólar	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Framboð námskeiða á háskólastigi hefur aukist, með innlendum og erlendum fyrirlesurum. Aukin samvinna er við erlenda aðila á sviði kennslu og rannsókna, m.a. við Norska tækniháskólann sem býður upp á framhaldsnám í netöryggis-fræðum. SRN, MRN og Menntamálastofnun hafa tekið upp samvinnu við eistneskar menntastofnanir vegna könnunar á möguleikum vegna eflingu netöryggismenntunar á grunn- og framhaldsskólastigi.

	vitundarvakningu og stuðningi við nýsköpun, þróun og rannsóknir á sviði netöryggis.					
2.2.5	Endurtekið.	2.4d	Netöryggisvitund verði eflað með fræðslu, viðburðum og keppnum héraðs og með þátttöku í alþjóðlegum viðburðum.	SRN/ Netöryggisráð, SAFT	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Fræðslu- og vitundarvakningaráttak SAFT og Heimilis og skóla hefur hlotið ýmsar viðurkenningar. Netöryggiskeppni íslenskra ungmenna var haldin í fyrsta sinn veturinn 2019 – 2020, hún verður nú haldin aftur í samvinnu við Menntamálastofnun og kynnt innan skólakerfisins. Stefnt er að þátttöku í Evrópukeppninni í haust. Netöryggismánuður var haldinn í október 2019 og aftur í október 2020 sem hluti af evrópsku átaki.
2.2.6	Löggjöf verði endurskoðuð til að efla vernd gegn netglæpum, þannig að réttindi og frelsi einstaklinga séu virt og stutt sé við alþjóðlegt starf á þessu sviði. Við þessa endurskoðun verði tekið mið af útfærslu nágrannaríkja og alþjóðlegum skuldbindingum.	2.5	Vernd mikilvægra innviða verði aukin með fræðslu, löggjöf, samvinnu um skipulag netöryggis, úttektum, æfingum og prófunum. Tekið verði mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands, þar á meðal á sviði varnarmála. Árangur verði metinn reglulega og nauðsynlegum umbótum fylgt eftir.	Stjórnarráðið/ Netöryggisráð, Netöryggissveit	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Ný löggjöf tók gildi 1. september 2020 um netöryggi mikilvægra innviða. Á grunni hennar hefur verið komið á skipulagi samvinnu Netöryggissveitarinnar og eftirlitsstjórnvalda mismunandi geira mikilvægra innviða. Fræðsla á háskólastigi stendur til boða á þessu sviði og rannsóknaverkefni. Kynning á alþjóðlegum skuldbindingum hefur verið aukin og verður fylgt eftir.
2.2.8	Netöryggi almenninga, stofnana og almennra fyrirtækja verði eflað í samstarfi við hagsmunaaðila og markaðsaðila.	2.6	Brugðist verði við ráðleggingum í skýrslu Oxford-háskóla um stöðu netöryggis héraðs og staða endurmetin.	SRN/ Netöryggisráð	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Verið er að bregðast við ráðleggingum Háskólans í Oxford á grunni verkefnaáætlunar og hefur verið lögð sérstök áhersla á þá þætti sem lakast stóðu. Staða verður endurmetin í lok tímabils og virðist nú hafa batnað í samræmi við væntingar.

2.2.4	Komið verði á skipulagi á vernd mikilvægra innviða og þjónustu, byggðu á áhættustýringu og stjórnskipulagi með skýrri skiptingu ábyrgðar og viðeigandi lágmarksviðmið netöryggis verði skilgreind.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	SRN/ PFS	2021	Á áætlun Ný lögjöf um netöryggi mikilvægra innviða sem tók gildi 1. september 2020 gerir kröfu um að slíku skipulagi sé komið á og eftirlitsstjórnvöld á hverju sviði munu fylgja því eftir í samstarfi við PFS.
2.2.7	Netöryggi byggi á öflugri alþjóðlegri samvinnu og verði einn meginþátta utanríkisstefnu, með góðri samhæfingu á milli innlands starfs og hins alþjóðlega.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	SRN/ UTN	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Ísland er orðinn virkur þátttakandi í starfi evrópsku netöryggisstofnunarinnar og SRN á fulltrúa í stjórn hennar. UTN hefur stóraukið starf sitt á þessu sviði og stofnað sérstaka deild fjölþáttaöagna, sem tekur m.a. til netöryggis.
Nr. Áherslu	3. Markmið um hagkv. og skilvirk fjarskipti Áhersla í stefnu til 2033	Nr. verk-efnis	Verkefnislýsing	Ábyrgð / framkvæmd / eftirfylgni eða fjármagn	Áætluð verklok	Árangur / staða við áramót 2020/2021
2.3.4	Samkeppni í gagnaflutningsþjónustu við útlönd verði eflid.	3.1	Greindar verði leiðir til að auka öryggi og <u>hagkvæmni</u> í gagnaflutningum til og frá landinu.	FER/ Farice	2021	Á áætlun Unnið er að útfærslu á fyrirhugaðri fjármögnun 3ja fjarskipta-sæstrengsins, kostnaði aðfanga og viðskiptalíkani Farice með hliðsjón m.a. af hagkvæmni í rekstri og verðlagningu þjónustu.
2.3.1	Stjórnvöld hafi skjalfestar upplýsingar um alla fjarskiptainviði.	3.2	Allir fjarskiptainviðir verði kortlagðir á heildstæðan hátt.	SRN/ PFS/ Þjóðaskrá Íslands	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Unnið er að skráningu upplýsinga og kallað er reglulega eftir gögnum frá fjarskiptafélögum og sveitafélögum. Skráning „mikilvægra fjarskipta-innviða“ hefur einnig átt sér stað við vinnslu áhættumatsverkefnis (sjá 2.2.2)

2.3	Stefnt verði að því að auka hagkvæmni í fjarskiptum fyrir notendur og samfélagið. Staðið verði að framkvæmdum, viðhaldi og þjónustu með skilvirkum hætti og fjármunir nýttir með eins hagkvæmum hætti og unnt er, að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða.	3.3	Gerðar verði leiðbeiningar um frágang og öryggi ljósleiðarastrengja í þéttbýli.	SRN/ PFS	Óákveðið	Ekki hafið Verkefnið er að öllum líkindum óþarft og hafa áformin einnig verið gangrýnd. Í skoðun er að breyta því í grundvallaratriðum eða fella einfaldlega niður.
2.3.7	Uppfærsla regluverks á fjarskiptamarkaði stuðli að framförum, fjárfestingum, samkeppni, hagkvæmni, samnýtingu og neytendavernd.	3.4	Hvatar til fjárfestinga í fjarskiptainnvíðum á grundvelli samkeppni og samvinnu, svo sem vegna 5G, verði metnir og tillögur útfærðar eftir atvikum.	SRN/ PFS/ markaðsaðilar	2021	Á áætlun Frumvarp til nýrra fjarskiptalaga innihalda ákvæði sem stuðla eiga að auknum fjárfestingum, samkeppni, samnýtingu og neytendavernd. Hugað verður að þessum sjónarmiðum við ráðstöfun tíðniheimilda fyrir 5G.
2.3.6	Horft verði til nýtingar fjarskiptainnvíða í opinberri eigu til að efla öryggi og eftir atvikum samkeppni.	3.5	Greining fari fram á helstu fjarskiptainnvíðum í opinberri eigu, einkum með tilliti til öryggis og samkeppnissjónarmiða eftir atvikum.	SRN/ PFS/ Opinber innviðafyrirtæki	2020	Á áætlun Greining á óvirkum innvíðum er lokið af hálfu PFS.
2.3.7	Uppfærsla regluverks á fjarskiptamarkaði stuðli að framförum, fjárfestingum, samkeppni, hagkvæmni, samnýtingu og neytendavernd.	3.6	Nýtt heildarregluverk í fjarskiptum verði innleitt svo fljótt sem kostur er.	SRN/ PFS	2020	Verklökum seinkar Frumvarp til nýrra fjarskiptalaga er í þinglegri meðferð og vinnur umhverfis- og samgöngunefnd úr umsögnum. Verklök áætluð 2021.
2.3.1	Stjórnvöld hafi skjalfestar upplýsingar um alla fjarskiptainnvíði.	3.7	Samræmd stafræn grunngerð fjarskipta og samgangna verði skilgreind og kortlögð.	SRN/ PFS og Vegagerðin	Óákveðið	Ekki hafið Til stendur að endurræsa verkefnið á fyrri hluta árs 2021.
2.3.9	Stjórnvöld og aðrir hagsmunaaðilar skilgreini hlutverk sitt eins og kostur er í þróun 5G farneta og	3.8	Greindar verði ógnir og tækifæri sem tengjast örum tæknibreytingum sem kenndar eru við fjórðu iðnbyltinguna. Gerðar verði nauðsynlegar skipulags-	FOR/ SRN	Stöðugt viðfangs- efni	Á áætlun SRN er búið að skipa fulltrúa í nefnd FOR vegna innleiðingar stefnu stjórnvalda um fjórðu iðnbyltinguna. Jafnframt er hafið samstarf við erlenda

	nauðsynlegra stuðningsaðgerða.		og lagabreytingar og áherslum breytt þannig að stjórnýslan og löggjöfin styðji og, eftir því sem við getur átt, hafi áhrif á þróun hér á landi.			vísindamenn varðandi netöryggisógnir gervigreindar.
2.3.7	Uppfærsla regluverks á fjarskiptamarkaði stuðli að framförum, fjárfestingum, samkeppni, hagkvæmni, samnýtingu og neytendavernd.	3.9	Mótað verði (a) framtíðarfyrirkomulag fjarskiptatíðnimála og gervihnattaþjónustu, þ.m.t. (b) gervihnattaleiðsögu, á Íslandi og norðurslóðum í samvinnu við samgönguyfirvöld.	PFS/SRN	2020	Verklökum seinkar (a) Frumvarp til nýrra fjarskiptalaga innihalda ákvæði sem stuðla eiga að auknum fjárfestingum, samkeppni, samnýtingu og neytendavernd. Hugað verður að þessum sjónar-miðum við ráðstöfun tíðniheimilda fyrir 5G. Varðar jafnframt málefni gervihnatta-leiðsögu.
2.3.10	Stuðlað verði að opnu Neti með því að beita regluverki um nethlutleysi.	3.10	Gæðaviðmið verði sett og fjarskiptaþjónusta mæld samkvæmt þeim. Einnig verði upplýsingar um gæði gerðar aðgengilegar neytendum.	PFS/SRN	2022	Á áætlun Drög að gæðaviðmiðum liggja fyrir og stefnt er að opnu samráði 2021.
2.3	Stefnt verði að því að auka hagkvæmni í fjarskiptum fyrir notendur og samfélagið.	3.11	Tækifæri til að auka fjarskiptarannsóknir og kennslu í fjarskiptafræðum á háskólastigi verði metin.	MMR/SRN	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Þátttaka í alþjóðlegu rannsóknastarfi er mikilvægt til að geta brugðist við fjarskipta- og netöryggistækni vegna þess hve ör þróun er. Unnið er að uppbyggingu innlendra og erlendra tengslaneta á þessu sviði til að efla upplýsinga-flæði og auka möguleika á þátttöku í rannsóknnum, auk þess að kynna nemendum tækifæri á þessu sviði.
2.3.12	Rafræn samskipti verði fyrsti kostur í samskiptum Þjóðskrár Íslands við einstaklinga og lögaðila.	3.12	Gagnagrunnur þjóðskrárinnar verði endurbættur kerfisbundið í áföngum til að koma til móts við breytingar í löggjöf og aukna sjálfvirkni tilkynninga í þjóðskrá, og til að uppræta bótasvik og mæta auknum kröfum samfélagsins um upplýsingar um réttindi og stöðu einstaklinga.	Þjóðskrá Íslands/SRN	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Tímabundin fjármögnun var tryggð til 3ja ára, þ.e. 2020-2022, til þróunar þjóðskrár. Breytingar hafa verið gerðar vegna skráningar lögheimilis einstaklinga í íbúðir og vegna skráningar hlutlauss kyns. Ný tegund kerfiskennitölu tekur gildi 1. maí nk. og undirbúningur í fullum gangi.

2.3.13	Gögn innan stjórnisýslunnar verði samnýtt á öruggan hátt og þvert á stofnanir.	3.13	Skilgreindir verði hvatar sem stuðli að gjaldfrjálsu flæði opinberra upplýsinga milli stofnana, til að mynda úr Þjóðskrá og fasteignaskrá.	SRN/ FER, Þjóðskrá Íslands	Óákveðið	Ekki hafið Formleg vinna skammt komin, nánast á byrjunarreit.
2.3	Stefnt verði að því að auka hagkvæmni í fjarskiptum fyrir notendur og samfélagið. Staðið verði að framkvæmdum, viðhaldi og þjónustu með skilvirkum hætti og fjármunir nýttir með eins hagkvæmum hætti og unnt er, að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða	3.14	Endurskoðuð verði aðferðafræði við fasteignamat til að tryggja betra samræmi í fasteignamati og auka jafnræði skatta og gjalda sem á því grundvallast.	Þjóðskrá Íslands/ SRN	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Stóra verkefnið er ný aðferðafræði við fasteignamat jarða þar sem fasteignamat endurspeglar ekki sem skyldi gangverð. Stöðugt er safnað fyllri landupplýsingum. Vandamál er að aðeins 21% jarða er með hnitsetta afmörkun og þ.a.l. stærð, sem er mikilvæg breyta í fasteignamati. Með nýjum lögum um breytingar á lögum er varða eignaráð og nýtingu fasteigna, nr. 85/2020, er fjármagni veitt 2021-2023 til uppbyggingar landeignaskrár og átaksverkefnis um skráningu afmörkunar jarða, sem eru veitir upplýsingar um stærðir þeirra. Stefnt er að uppfærðri aðferðafræði fasteignamats jarða árið 2023.
2.3.13	Gögn innan stjórnisýslunnar verði samnýtt á öruggan hátt og þvert á stofnanir.	3.15	Sameiginleg innkaup á gögnum sem nýtast mörgum ríkisstofnunum verði augin.	Ríkiskaup/ Þjóðskrá Íslands	2020	Verklökum seinkar Samninga-viðræður standa yfir milli UAR og einkafyrirtækis um einn samning um kaup ríkisins á loftmyndum fyrir nokkrar ríkisstofnanir.
2.3.14	Almenningur og fyrirtæki hafi greiðan aðgang að upplýsingum um sig og sína hagi hjá opinberum aðilum.	3.16	Unnið verði að öruggum og rekjanlegum aðferðum við afhendingu persónugreinanlegra upplýsinga úr Þjóðskrá, svo sem með vefþjónustu og vefuppfletti.	Þjóðskrá Íslands/ SRN	2023	Á áætlun Undirbúningur stendur yfir að miðlun upplýsinga með vefþjónustum og vefuppfletti í stað afhendingar heildarskrár. Kynningar- og samráðsfundur hefur verið haldinn með miðlurum Þjóðskrár.
2.3.15	Einkaréttur í pósthjónustu verði afnuminn og regluverk endurskoðað.	3.17	Nýtt heildarregluverk í pósthjónustu verði innleitt í upphafi árs 2020.	SRN/ PFS	Lokið	Lokið Ný heildarlög um pósthjónustu og afnám einkaréttar tóku gildi 1.1.2020.

2.3.16	Alþjónusta í pósti verði tryggð með fyrirsjáanlegum og ásættanlegum tilkostnaði.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	SRN/ PFS	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Íslandspóstur ohf. hefur verið útnefndur sem alþjónustuhafi póstpjónustu til næstu 10 ára. Kostnaður vegna alþjónustu mun liggja fyrir í febrúar 2021.
2.3.2	Innviðir, þ.m.t. fjarskiptanet, styðji við nýtingu upplýsingatækni meðal annars við umferðarstjórnun, miðlun upplýsinga um aðstæður, innheimtu notenda- og veggjalda, samskipti milli ökutækja og við innviði.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	SRN/ Vegagerðin	Stöðugt viðfangs-efni	Staða (á ekki við) Viðvarandi verkefni á grundvelli langtímastefnu. Tengist 1.5.
2.3.3	Fjarskiptatækni verði nýtt í auknum mæli til að miðla upplýsingum til notenda um leiðir og aðstæður í lofti, á láði og legi.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	SRN/ Vegagerðin	Stöðugt viðfangs-efni	Staða (á ekki við) Viðvarandi verkefni á grundvelli langtímastefnu. Tengist 1.5.
2.3.5	Stuðlað verði að aukinni og hagkvæmri samnýtingu veituframkvæmda við uppbyggingu fjarskiptainnviða.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	SRN/ PFS	Stöðugt viðfangs-efni	Á áætlun Lög um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða-fjarskiptaneta hafa tekið gildi. Ný fjarskiptalög kveða jafnframt á um möguleika á aukinni og hagkvæmari samnýtingu við uppbyggingu fjarskiptainnviða.
2.3.11	Við forgangsröðun fjarskiptaverkefna verði jafnréttissjónarmið meðal annars höfð til hliðsjónar.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	SRN/	Stöðugt viðfangs-efni	Staða (á ekki við) Viðvarandi verkefni á grundvelli langtímastefnu.
2.3.8	Verð á fjarskiptapjónustu sé sambærilegt við það sem best gerist hjá helstu samanburðarlöndum.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	SRN/ PFS	Stöðugt viðfangs-efni	Lokið Mælt reglulega skv. 4 mælikvörðum „verðkörfu“ ITU. Markmið náðust í þeim öllum fyrir 2019. Markmiði því náð í bili.

Nr. Áherslu	3. Markmið um umhverfisvæn fjarskipti Áhersla í stefnu til 2033	Nr. verk-efnis	Verkefnislýsing	Ábyrgð / framkvæmd / eftirfylgni eða fjármagn	Áætluð verklok	Árangur / staða við áramót 2020/2021
2.4.1	Nýting fjarskipta hafi jákvæð áhrif á umhverfið.	4.1	Tækifæri til jákvæðari áhrifa á umhverfið við uppbyggingu og rekstur fjarskipta og pósthjónustu verði metin meðal annars með hliðsjón af hagrænum þáttum.	SRN/ PFS	2022	Á áætlun Unnið er að gerð umhverfisstefnu á vegum PFS.
2.4.2	Gott skipulag greiði fyrir uppbyggingu fjarskiptainnviða um leið og gætt verði að umhverfisáhrifum.	4.2	Unnið verði í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.	SRN/ PFS	Stöðugt viðfangsefni	Á áætlun Unnið er að gerð umhverfisstefnu á vegum PFS.
2.4.3	Stjórnvöld birti gögn um fjarskiptainnviði til að auðvelda og stuðla að hagkvæmri nýtingu fyrirliggjandi innviða, að teknu tilliti til öryggissjónarmiða.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	SRN/ PFS	Stöðugt viðfangsefni	Á áætlun Unnið að greiningu viðfangsefnis að teknu tilliti til öryggissjónarmiða.
2.4.4	Rafræn þjónusta Þjóðskrár Íslands stuðli að fækkun ferða og bréfasendinga.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	SRN/ Þjóðskrá Íslands	Stöðugt viðfangsefni	Á áætlun Bréfasendingum í pósti hefur fækkað verulega. Bréf eru send stafræn til nær allra opinberra aðila. Árlegar tilkynningar um endurmat til allra fasteignaeigenda hafa verið birtar á pósthólfinu á Ísland.is síðan 2012 og stöðugt fjölgar flokkum bréfa, tilkynninga og vottorða sem þar birtast.
2.4.5	Leitað verði umhverfisvænna leiða við pósthjónustu.		Ekkert ákveðið verkefni í verkefnisáætlun 2019-2023 tilheyrir þessari áherslu.	SRN/ Íslandspóstur	Stöðugt viðfangsefni	Staða (á ekki við) Viðvarandi verkefni á grundvelli langtímastefnu.